



Félag kvikmyndagerðarmanna

Stofnað 1966
Hverfisgötu 54
101 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2016

Skrifstofa Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis
Austustræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um þingskjal 1020 – 618 mál. Frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999

Stjórn félags kvikmyndagerðarmanna hefur að beiðni nefndarsviðs Alþingis fjallað um ofangreint frumvarp. Við smíði frumvarpsins var ekki haft fullt samstarf við Félag kvikmyndagerðarmanna (FK) sem hefði nú kannski verið eðlileg framvinda og því er nokkuð um athugasemdir. Fulltrúar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins gafu okkur reyndar færi á að senda inn athugasemdir á síðustu metrunum áður en að frumvarpið var lagt fyrir þingið en ekki var brugðist við þeim í því skjali sem nú liggur fyrir þinginu og viljum við því koma eftirfarandi á framfæri:

- Stjórn FK telur brýnt og eðlilegt að ákveðin lágmarksfjöldi faglærðra íslenskra/evrópskra kvikmyndagerðarmanna starfi við þau verkefni sem eru gjaldgeng til endurgreiðslunnar. Við leggjum til að það hlutfall verði a.m.k. 30%.
- Brögð eru á því að sumir íslenskir framleiðendur og þjónustufyrirtæki láti starfsfólk skrifa undir samninga sem innihalda ólögleg ákvæði um vinnutíma. Einnig hefur borið á því að það sé brotið á fólki hvað varðar hvíldartíma, öryggi á tökustað og aðbúnað og krefjumst við þess að það verði gert að skilyrði fyrir endurgreiðslu að þjónustufyrirtæki og þjónustukaupendur virði íslensk lög um vinnutíma, laun, aðbúnað og hollustuhætti svo og íslenska kjarasamninga að fullu.

- Ýjað er að því í skýringum við frumvarpið í skjalinu að íslenskir kvikmyndagerðarmenn geti sitthvað lært af erlendum kollegum sínum í þessum stóru erlendu verkefnum sem er vissulega rétt, en það er mat FK að það komi ekki í stað góðrar menntunar. Okkar tillaga er sú að efla endurmenntunarsjóði kvikmyndagerðarmanna með því að skilyrða hóflega prósentu af heildarendurgreiðslu t.d. 0,3-0,5% og setja í endurmenntunarsjóð kvikmyndagerðarmanna sem er brýn nauðsyn á að efla.
- Að lokum og af gefnu tilefni, teljum við mikilvægt að íslensk þjónustufyrirtæki sem hafa umsjón með þessum verkefnum verði skylduð til þess að umgangast náttúru landsins af virðingu og í fullri sátt við náttúrverndarsjónarmið, bæði hvað varðar almenna umgengni, losun sorps, skolps, og aðra mengandi hluti eins og t.d. útblástur og hljóð.
- Að því sögðu þá styður Félag kvikmyndagerðarmanna frumvarpið og telur afar tímabært að hækka endurgreiðsluna úr 20% í 25% þar sem að það heldur Íslandi samkeppnishæfu á alþjóðavísu, sem er mjög mikilvægt fyrir kvikmyndaiðnaðinn í landinu.

Við förum þess á leit að fá að koma fyrir atvinnuveganefnd þegar hún fjallar um málið til að útskýra frekar afstöðu okkar félagsmanna.

Virðingarfyllst,



f.h. stjórnar Félags kvikmyndagerðarmanna

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður